



Alþýðusamband Íslands

30. janúar 2008

Ályktun miðstjórnar ASÍ um hópuppsagnir hjá HB Granda á Akranesi ■

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir því harðlega að ekki skuli farið að leikreglum við framkvæmd hópuppsagna 59 starfsmanna HB Granda hf. á Akranesi en athygli ASÍ hefur verið vakin á því, að mjög alvarlega hafi verið brotið gegn málsmeðferðarreglum laga um hópuppsagnir nr. 63/2000.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ASÍ hefur aflað sér, hefur fyrirtækið ekki viðhaft lögbundið samráð eða látið trúnaðarmönnum starfsmanna í té skriflegar upplýsingar um fyrirhugaðar uppsagnir. Meðan svo er, er óheimilt að tilkynna starfsmönnum um uppsagnir á ráðningarsamningum.

Miðstjórnin ASÍ leggur áherslu á að lögbundinn réttur starfsmanna til upplýsinga- og samráðs í tengslum við hópuppsagnir telst til mikilvægra réttinda launafólks og ASÍ lítur það alvarlegum augum þegar þau eru ekki virt.

Miðstjórnin telur mikilvægt að samstaða náist í atvinnulífinu nú þegar mæta þarf erfiðleikum vegna niðurskurðar á aflaheimildum og þegar þeim erfiðleikum sé mætt verði í hvívetna farið að þeim samningum og lögum sem í gildi eru.